



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd

mánudaginn 08.10.18 kl. 10:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson byggingarfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár:

1. Flatey - verndarsvæði í byggð.

Lagt fram minnisblað frá Alta dags. 19. sept. 2018. Formaður fór yfir stöðu málsins. Samþykkt að funda með stjórn Framfarafélags Flateyjar og kynna húseigendum í Flatey tillögur um verndarsvæðið á opnum fundi.

Áslaug Guttormsdóttir hefur hefur beðist undan áframhaldandi setu í starfshóp um verndarsvæði í byggð í Flatey. Lagt til að sveitarstjórn skipi nýjan fulltrúa í starfshópinn.

2. Vindmælingar Garpsdal

Lögð fram umsögn frá Minjastofnun. Skipulagsfulltrúa falið að veita stöðuleyfið.

3. Vestfjarðarvegur - bréf:

Lagt fram bréf frá Huguínu Gunnarsdóttur dags. 25. sept. 2018 varðandi Vestfjarðarveg. Nefndin þakkar innlegg hennar.

4. Mannvirki á miðhálandinu:

Komin er fram skýrslan; Mannvirki á miðhálandinu – framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Lagt fram til kynningar.

5. Húsnæðismál:

Farið yfir stöðu húsnæðismála á Reykhólum og umsóknir.

- a) Lóð við Hóltröð fyrir parhús. Skipulagsfulltrúi upplýsti að hann hafi leitað til þriggja aðila varðandi tilboð í að útbúa tilboðsgögn fyrir alútboð og þau liggi fyrir á næsta fundi.*
- b) Samþykkt að auglýsa lausar lóðir við Hellisbraut og Reykjabraut.*

6. Tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs:

Sveitarstjóri skýrði frá fundi með íbúðalánasjóði varðandi tilraunaverkefni í húsnæðismálum á landsbyggðinni. Í framhaldi af því var sótt um þátttöku í verkefninu. Forsenda þess er að taka þátt er að húsnæðisáætlun liggi fyrir. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gerð verði húsnæðisáætlun.

7. Lýsing og vatn við höfnina:

Laga þarf lýsingu við höfnin og fleira.

8. Framkvæmd vigtunar:

Málið rætt og sveitarstjóra falið að skoða málið nánar.

9. Hafnarsambandsþing 2018:

Hafnarsambandsþing 2018 verður haldið 25. og 26. okt. nk. Sveitarstjóri mun sækja þingið.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:35
